


# ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Desember 2021

## Jólavenjur landsmanna

Ýmsir þættir sem snúa að jólahaldi Íslendinga voru kannaðir í Þjóðarpúlsi Gallup og niðurstöðurnar bornar saman við fyrri ár, en könnunin hefur verið gerð í rúman áratug. Áhrif heimsfaraldursins á jólahæðir landsmanna eru enn greinileg þó þau séu ekki eins mikil og í fyrra.



## Jólagjafir

Nær allir fullorðnir landsmenn gefa jólagjafir. Konur gefa frekar gjafir en karlar, og íbúar höfuðborgarsvæðisins frekar en landsbyggðarinnar. Þau sem hafa lægstar fjölskyldutekjur gefa síður gjafir en þau sem hafa hærri tekjur.

## Hitta fjölskyldu/vini

Langflestir hitta fjölskyldu og vini yfir jólin en þeim fækkaði í fyrra þegar strangar sóttvarnatakmarkanir voru í gildi. Þá sögðust **94%** hitta fjölskyldu og vini og **54%** halda eða fara í jólaboð. Flestir áætla að hitta fjölskyldu og vini yfir komandi jól, eða **97%**, og **82%** segjast halda eða fara í jólaboð en þetta gæti þó breyst í ljósi nýjustu fréttu af fjölda smita og hertum sóttvarnaaðgerðum. Konur hitta frekar fjölskyldu og vini en karlar. Þau sem hafa meiri menntun og hærri fjölskyldutekjur eru einnig líklegri til þess en þau sem hafa minni menntun og lægri tekjur.

## Jólaskraut

Flestir eru með jólaserúr eða annað jólaskraut innandyra, eða **93%**, en nær þrír af hverjum fjórum eru með slíkt utandyra. Konur eru líklegri en karlar til að vera með skraut innandyra. Fólk innan við þrítugt er ólíklegra til þess að vera með skraut innandyra en þau sem eldri eru, og fólk er líklegra til að vera með skraut utandyra eftir því sem það er eldra. Þau sem hafa meiri menntun og hærri tekjur eru líklegri til að jólaskreyta, bæði inni og úti, en þau sem hafa minni menntun og lægri tekjur.

## Jólatré

Um **82%** landsmanna eru með jólatré. Ríflega **56%** eru með gervitré en tæplega **28%** með lifandi tré, en þeim hefur farið jafnt og þétt fækkandi síðasta áratug sem eru með lifandi tré. Konur eru líklegri en karlar til að vera með gervitré á meðan karlar eru líklegri en konur til að vera með lifandi tré. Fólk milli fertugs og sextugs er líklegra til að vera með jólatré en þau sem yngri eða eldri eru. Fólk milli fimmtugs og sextugs er líklegast til að vera með gervitré á meðan fólk undir fimmtugu er líklegra til að vera með lifandi tré en þau sem eldri eru. Íbúar landsbyggðarinnar eru almennt líklegri en höfuðborgarbúar til að vera með jólatré og líklegri til að vera með gervitré, en höfuðborgarbúar eru hins vegar líklegri en íbúar landsbyggðarinnar til að vera með lifandi tré. Fólk með meiri menntun er almennt líklegra til að vera með tré en fólk með minni menntun, og líklegra til að vera með lifandi tré. Fólk með minni menntun er aftur á móti líklegra til að vera með gervitré en fólk með meiri menntun. Fólk er almennt líklegra til að vera með jólatré eftir því sem það hefur hærri fjölskyldutekjur, og sömuleiðis líklegra til að vera með lifandi tré.

## Jólamatur

Nær þrjú af hverjum fjórum segjast sjá um, eða taka þátt í, að elda jólamatinn á aðfangadag. Fleiri konur en karlar segjast gera það og fólk milli fertugs og sextugs er líklegast til þess. Þau sem eru undir þrítugu eða yfir sjötugu eru ólíklegust.

## Góðgerðarmálefni

Tæplega **68%** styrkja góðgerðarmálefni fyrir eða um jólin. Konur styrkja frekar góð málefni en karlar, og fólk styrkir almennt frekar eftir því sem það er eldra. Fólk með meiri menntun og hærri fjölskyldutekjur styrkir frekar góð málefni en fólk með minni menntun og lægri tekjur.

## Bakstur

Ljóst var að heimsfaraldurinn hafði áhrif á bakstur landsmanna í fyrra en þá bökuðu mun fleiri smákökur fyrir jólin en árin á undan. Í ár er hlutfallið aftur eins og venjulega og **62%** landsmanna baka fyrir þessi jól. Nær þrjár af hverjum fjórum konum baka meðan helmingur karla gerir það. Bakstur er algengastur hjá fólki undir fimmtugu en eftir það lækkar hlutfall þeirra sem baka jafnt og þétt. Fólk með minni menntun og fólk með lægstu fjölskyldutekjurnar bakar síður en fólk með meiri menntun og hærri tekjur.

## Látnir ástvinir

Um **62%** fara í kirkjugarð að vitja leiðis yfir jólin í ár og er það aðeins lægra hlutfall en í fyrra, en þá fóru óvenju margir. Konur fara frekar í kirkjugarð en karlar, og fólk yfir fimmtugu frekar en yngra fólk.

## Aðventukrans/aðventuljós

Rúmlega **58%** eru með aðventukrans með fjórum kertum á heimilinu um jólin. Um **43%** eru með aðventuljós með sjö ljósum en þeim hefur fækkað talsvert síðastliðinn áratug sem eru með þau. Konur eru frekar með aðventukrans og aðventuljós en karlar. Fólk yfir fertugu er frekar með krans en yngra fólk, og fólk er líklegra til að vera með aðventuljós eftir því sem það er eldra. Íbúar landsbyggðarinnar eru mun frekar með aðventuljós en höfuðborgarbúar. Fólk með meiri menntun og hærri fjölskyldutekjur er frekar með krans en fólk með minni menntun og lægri tekjur.

## Jóla kort

Nær **helmingur** landsmanna sendir rafrænt jóla kort eða rafræna jóla kveðju og **18%** senda jóla kort með hefðbundnum pósti. Þarna hefur orðið mikil breyting síðan fyrir áratug en þá sendu **þrjú** af hverjum **fjórum** jóla kort í pósti. Konur senda frekar rafræna jóla kveðju en karlar, og fólk sendir frekar rafræna kveðju eftir því sem það er eldra. Innan við **einn** af hverjum **tíu** undir fimmtugu sendir jóla kort í pósti en eftir það hækkar hlutfallið með auknum aldri og fjögur af hverjum tíu yfir sjötugu senda kort í pósti.

## Skata

Um **37%** borða skötu fyrir jólin. Í fyrra fækkaði þeim aðeins sem borðuðu skötu og spiluðu sóttvarnaaðgerðir þar væntanlega inn í, en í ár er hlutfallið svipað og árin þar á undan. Karlar borða frekar skötu en konur, eldra fólk frekar en yngra, og íbúar landsbyggðarinnar frekar en höfuðborgarbúar.

## Tónleikar/hlaðborð/kirkjur

Nánast **einn** af hverjum **þremur** landsmönnum fer á tónleika fyrir eða um jólin og næstum jafn margir á jólahlaðborð. Það eru færri en í venjulegu árferði þegar um **fjórir** til **fimm** af hverjum **tíu** fara á tónleika og yfirleitt ríflega helmingur á jólahlaðborð. Það eru þó mun fleiri en í fyrra þegar strangari sóttvarnatakmarkanir voru í gildi í desember og aðeins **17%** fóru á tónleika og **einn** af hverjum **tíu** á jólahlaðborð. Í ljósi nýjustu fréttu af hertum sóttvarnaaðgerðum verður þó mögulega eitthvað rask á tónleikahaldi það sem eftir lifir mánaðar. Það sama gildir um kirkjusókn. Nær fimmtungur landsmanna segist fara í kirkju fyrir eða um jólin sem er svipað hlutfall og síðustu ár að undanskildu árinu í fyrra þegar sóttvarnatakmarkanir voru miklar og hlutfallið var aðeins **12%**. Nýfjölgun smita og nýttílkynntar hertar sóttvarnaaðgerðir munu þó væntanlega hafa áhrif á kirkjusóknina.

Konur fara frekar á tónleika en karlar á meðan karlar fara frekar á jólahlaðborð en konur. Fólk er líklegra til að fara á jólahlaðborð eftir því sem það er yngra en líklegra til að fara í kirkju eftir því sem það er eldra. Íbúar höfuðborgarsvæðisins fara frekar á tónleika en íbúar landsbyggðarinnar, sem fara hins vegar frekar í kirkju en höfuðborgarbúar. Fólk með meiri menntun og hærri fjölskyldutekjur fer frekar á tónleika og jólahlaðborð en fólk með minni menntun og lægri tekjur.

## Laufabrauð

Rösklega **28%** skera út eða steikja laufabrauð fyrir jólin sem er svipað hlutfall og undanfarin ár. Íbúar landsbyggðarinnar eru talsvert líklegri en höfuðborgarbúar til að halda þessum gamla sið í heiðri.

## Piparkökumálun

Tæplega **27%** mála piparkökur fyrir jólin sem er svipað hlutfall og yfirleitt, að undanskildu árinu í fyrra þegar fleiri máluðu piparkökur enda fólk meira heima þá vegna samkomutakmarkana og bakaði meira. Konur mála frekar piparkökur en karlar. Yngra fólk er líklegra til þess en eldra, og fólk milli þrítugs og fimmtugs líklegast. Fólk með meiri menntun er líklegra til að mála piparkökur en fólk með minni menntun. Fólk með lægstu fjölskyldutekjurnar er ólíklegast til þess en fólk með hæstu tekjurnar líklegast.

## Jóla föndur

Tæplega **fjórðungur** fullorðinna föndrar fyrir eða um jólin. Þetta er svipað hlutfall og síðustu ár að undanskildu árinu í fyrra þegar **31%** föndraði og var föndur því greinilega eitt af því sem fólk tók sér fyrir hendur í auknum mæli í samkomutakmörkunum. Konur föndra mun frekar en karlar. Fólk undir fertugu föndrar helst fyrir jólin en fólk yfir fimmtugu síst. Þau sem hafa meiri menntun en minni eru líklegri til að föndra fyrir jólin.

## Jólaball

Jólaböll, eða jólatræsskemmtanir fyrir börn, eru annað sem sóttvarnarreglur hafa áhrif á. Yfirleitt fer um **fjórðungur** fullorðinna á jólaball, í fyrra lögðust þau nánast af, en **3%** fóru þá á jólaball, en í ár fjölgaði þeim aftur og **einn** af hverjum **tíu** fór á jólaball. Fólk milli þrítugs og fertugs er líklegast til að fara á jólaball en fólk yfir sextugu ólíklegast. Fólk með meiri menntun en minni er líklegra til að fara á jólaball og fólk er líklegra til þess eftir því sem það hefur hærri tekjur.

## Konfekt

Nær **7%** bjuggu til konfekt fyrir jólin og búa konur frekar til konfekt en karlar.

## Spurt var:

- Vinsamlegast merktu við þau atriði sem eiga við um þig fyrir eða um jólin í ár. Atriðin birtust í tilviljunarkenndri röð og má sjá þau á myndinni á fyrstu síðunni.

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 10. til 20. desember 2021. Heildarúrtaksstærð var 2.663 og þátttökhlutfall var 52,6%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Lynghálsi 4, 110 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.

Ábyrgðarmaður: Ólafur Elínarson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.